



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@mvv.is

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

3. fundur.

Haldinn í Hótel Reynihlíð 21. febrúar 2011, kl: 9:30.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund og bauð gesti velkomna.

2. Aðalskipulag, Árni Ólafsson og Gylfi Guðjónsson mæta.

Árni fór yfir stöðu skipulagsvinnunnar. Eftir er að hnýta nokkra lausa enda ásamt því að ganga frá matslýsingu. Fram kom tillaga að svæðið upp með Hlíðarvegi, norðan vegar verði fyrir blandaða landnotkun íbúða og þjónustusvæði. Farið yfir forsendur áfangaskýrslu og ýmsar lagfæringar gerðar. Gylfi fór yfir lýsingu á skipulagsverkefninu sbr. 30. gr nýrra skipulagslaga, stefnumörkun, uppkast af skipulagsupprætti. Þá var og farið yfir mat á umsóknum og breytingar á þeim.

3. Umsögn um geymsluleyfi.

Á fundi sveitarstjórnar 10. febrúar s.l. var óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar á geymsluleyfi til handa Þórhalli Kristjánssyni vegna vinnubúðaeininga sem standa leyfislausar í Vogum. Skipulagsnefnd er ekki kunnugt um að það sé til nokkuð sem heitir geymsluleyfi í byggingarreglugerð, einungis stöðuleyfi eða byggingarleyfi. Skipulagsnefnd leggur hins vegar til við sveitarstjórn að fengið verði leyfi hjá Landsvirkjun til að geyma umræddar einingar á gömlu lóð Kísiliðjunnar til 1. maí n.k. Lagt er til að dagsektir verði felldar niður gegn því að Þórhallur flytji einingarnar fram og til baka á sinn kostnað. Að öðrum kosti verði dagsektir innheimtar að fullu uns leyfi fyrir byggingunni liggur fyrir.

4. Umsögn um drög að deiliskipulagstillögu norðan og vestan Bjarkar.

Með tölvupósti bárust drög að deiliskipulagstillögu og óskar sendandi, Þórhallur Kristjánsson eftir umsögn Skipulagsnefndar á staðsetningu tveggja húsa, starfsmannahúss og gróðurhúss eins og þau eru sýnd á tillögunni.

Skipulagsnefnd fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi á athafnasvæði Bjarkar og leggur til við sveitarstjórn að Þórhalli Kristjánssyni verði veitt heimild til áframhaldandi deiliskipulagsvinnu norðan og vestan Bjarkar. Jafnframt leggur nefndin til að heildstæð mynd verði dregin upp af öllu athafnasvæði Bjarkar og Voga ferðapjónustu.

Skipulagsnefnd minnir á 2. mgr. 38. gr. nýrra skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem fram kemur hvernig með mál skuli farið.

5. Umsögn um stöðuleyfi fyrir gistihús Vogum 1.

Með tölvupósti óskar Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogafjóss eftir stöðuleyfi fyrir sex herbergja gistihúsi. Staðsetning er sýnd á m.f. deiliskipulagsuppdraetti. Skipulagsnefnd fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi á athafnasvæði Voga 1 og leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði að veita umbeðið stöðuleyfi til eins árs enda sé það í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu. Skipulagsnefnd minnir á 2. mgr. 38. gr. nýrra skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem fram kemur hvernig með mál skuli farið.

6. Breyting á aðalskipulagi í landi Arnarvatns.

Með bréfi óska eigendur Arnarvatns eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps í landi Arnarvatns, nánar tiltekið á Húsaás. Óskað er eftir að svæðið verði skipulagt sem verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði tekið með í þá vinnu sem nú er í gangi við endurskoðun aðalskipulagsins.

7. Önnur mál.

a. Kynnt kostnaðaráætlun fyrir umhverfisstefnu Skútusthr.

Kostnaðaráætlun kynnt. Áætluð vinna liggur á bilinu 60 -240 tímar, eftir því hverslu ítarlegt verkefnið er. Verð liggur á bilinu 600 þúsund til 2 millj. kr. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við VSO miðað við fyrirliggjandi upplýsingar með tilliti til allra verkþátta.

b. Kynning um flokkun á sorpi sem haldin var fyrir hótél og veitingamenn í Reykjavík.

Farið stuttlega yfir kynningu sem haldin var fyrir hótél og veitingamenn í Reykjavík. Margt áhugavert í lausnum sem þar voru kynntar.

Samþykkt að fara þess á leit við Sorpsamlag Þingeyinga að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa sveitarfélagsins um mögulegar lausnir í sorpförgunarmálum jafnframt því sem áhugavert væri að fá Gámaþjónustuna til að kynna sitt flokkunarkerfi.

c. Kynning á nýjum Skipulags- og mannvirkjalögum.

Stuttlega sagt frá námskeiði sem hluti nefndarmanna sat um ný Skipulags- og mannvirkjalög.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 16:30.